

Fundargerð Menningarmálanefndar Skaftárhrepps

97. fundur Menningarmálanefndar Skaftárhrepps haldinn 7. september kl 17:15 í Múlakotsskóla

Mætt eru á fundinn: Gunnar Erlendsson, formaður, Lilja Magnúsdóttir, ritari og Þuríður H Benediktsdóttir, varamaður en hún hefur sótt um styrki og sinnt málefnum Múlakotsskóla í nokkur ár.

1. Erindi frá Ólafi E. Júlíussyni varðandi Múlakotsskóla en hann hefur mikinn áhuga á að lyfta þessu húsi á þann stall sem því sæmir.

A) Spurt er um hvort Múlakotsskóli sé falur? Hvert gæti verið verð fyrir húsið? Hvað stór lóð fylgir húsinu? Gæti fylgt eignarlóð með húsinu? Lóðin undir húsið er leigulóð úr Múlakotsjörðinni.

Gerður var lóðarleigusamningur 22. 10. 2010 og er til 25 ára.


Að okkar mati er óeðlilegt að selja þetta merkilega hús til einkaaðila. Húsið var byggt 1909 en í fræðslulögnum frá 1907 var kveðið á um að sveitarfélög ættu að byggja skóla. Teikningin var notuð á nokkrum stöðum á landinu en mjög fá af þeim húsum eru enn í nothæfu ástandi. Þar sem húsið er í raun fornminjar (111 ára) og hefur verið lagfært undanfarin ár með peningum frá sveitarfélaginu og styrkjum frá Húsafriðunarsjóði, þykir okkur eðlilegt að sveitarfélagið eigi húsið áfram og að haldið verði áfram að endurbæta það. Húsið var lagfært að utan og skipt um glugga árið 2019 en mörg verkefni bíða. Það kemur aftur á móti vel til greina að leigja húsið, vilji einhver nýta það til einhvers sem gæti rúmast í húsinu án mikilla breytinga.

B) Er Múlakotsskóli falur til flutnings innan sveitar? Fundarmenn telja að það gæti verið góð hugmynd að flytja Múlakotsskóla þangað sem hann gæti nýst betur, t.d. á Kirkjubæjarklaustur.

C) Er Múlakotsskóli falur til flutnings út úr sveitarfélaginu? Nei, alls ekki. Við getum ekki með nokkru móti samþykkt að fornminjar í eigu íbúa séu fluttar úr sveitarfélaginu.

Fundi slitið 18:15

Fundarritari Lilja Magnúsdóttir



Lilja Magnúsdóttir
Þuríður H Benediktsdóttir
Gunnar Erlendsson